

## Símafundur 30. Október 2017

Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Vilborg Jónsdóttir, Össur Geirsson og Guðmundur Vilhjálmsson.

# Óskalög

Bæði Helga og Lárus hafa bakkað útúr prógraminu. Lárus vegna þess að hann vill ekki borga, eða hefur ekki bolmagn til, fyrir skjávarpann. Og Helga því hún

Össur fundaði með Ásu úr Hörpu í morgun og hálf tíma lengra prógram lagst ekki vel í hana og því leysist þetta bara að sjálfum sér.

**Baksviðssalir** - Ása bauð Austursalina (pizzasneiðarnar) fyrir okkur til að koma hljómsveitum fyrir baksvið. Þetta eru þrír salir og hentar vel því þá fá hljómsveitirnar meira rými og næði til að undirbúa sig. Höldum okkur við að krakkarnir ganga inn um starfsmannaganginn og við munum merkja vel hvert hver á að fara.

**Matur** - Össur hefur einnig óskað eftir því að sjoppa á bakvið verður opin eða þá allavega að við kaupum mat af þeim fyrir okkur sem erum að vinna þarna allan daginn. Stjórnin samþykkir það.

**Slagverk** - við höfum nú þegar sent hvaða hljóðfæri verða í boði. Nú þarf að skipuleggja hver kemur með hvað. Einar og Össur hafa komið með frá sér síðustu ár. Össur getur komið með allt nema pákur og bongó-trommur. Vilborg kemur með bongó og svo skal athuga hvort Einar getur lánað sínar pákur. Gummi mun hafa samband við Einar, SÍSL borgar þá flutning á þeim. Pákur mega ekki koma seinna en kl.10:00, þá kemur Össur líka með sitt. Þeir sem þurfa eitthvað annað eða meira koma með það sjálf.

**Ljósamaður** - Össur ræddi við Ásu um ljósamann sem gæti verið í því að breyta ljósum og gert þetta soldið flott. Og hann verður á staðnum.

**Starfsfólk á okkar vegum** - stjórnin verður allan daginn og spurning um að Bragi og Daði, varamenn, geti verið með. Það þarf einhvern að vera í móttöku allan tímann t.d. Svo spurning um að hver hljómsveitarstjóri verði með allavega einn til aðstoðar til að halda utan um þetta með. Sérstaklega fyrir þær sveitir sem eru með tvö slot. Tökum þetta fram í næsta pósti.

**Verkaskipting** - einn sem tekur alltaf á mót. Einn í því að útskýra hvert á að fara og hvenær. Annað var frekar óskipulagt og allir voru í því. Allir mæta kl.10.

**Ljósmyndun** - gæti verið mögulegt að vera í einum af þessum austurherbergjum (pizzum). Við komumst ekki hjá því að vera á svæði þar sem við stýrumst ekki af dagsbirtunni. Harpa talar við Eypór hvort hann eigi flass eða annan búnað til að stýra þessu betur.

Þau sem eru með tvær hljómsveitir á hálf tíma þurfa að fara í myndatöku fyrir og eftir tónleika. Kári, Snorri, Einar og Vilborg eru með tvær á hálf tíma - þarf að láta þau vita með það. Aðrir fara eftir tónleika.

**Auglýsingar** - Vilborg er búin að tala við Andréa varðandi að borga auglýsingu og hann er til. Heilsíðuauglýsing í annaðhvort FBL eða MBL. Spurning hvaða mynd verður fyrir valinu. Gott að koma inn með nýja mynd. Össur sendir Andrésí myndir. Facebookviðburður - Harpa býr hann til.

**Kynnir** - biðja hljómsveitarstjóra að senda efni fyrir kynninn. Harpa gerir það.

## Útsetningar

Össur vill losna úr nefndinni og Einar líka, Karen er þá ein eftir. Nú eru að berast allskonar útsetningar sem þarf að fara yfir og Össur spyr hvort við vitum um einhvern sem gæti tekið þetta að sér. Össur stingur uppá Martin og Gummi stingur uppá Kára. Það þarf að vera einhver sem þekkir okkkar form vel og til í að gagnrýna.

Það eru komnar þrjár útsetningar frá Þórði Magnússyni og tvær frá Elvari Braga. Svo 12 ára strákur frá Einari í Grafarvogi sem á allavega tvær útsetningar sem hljómuðu vel á tónleikum. Allt B-sveitar útsetningar. Vantar þá eitthvað fyrir A-sveit. Össur er með eitt frumsamið.

Fundi slitið kl.13:16

Símafundur 16. okt 2017 kl.12:30

Mætt eru Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir og Guðmundur Vilhjálmsson.

## Óskjalög í Hörpu 2017

Ræðum þau sem skráðu sig „of seint“ og hvort og hvernig við komum þeim fyrir. Össur er tilbúinn að bakka með eitt af sínum plássum fyrir Daða í SkóMos. Við bætum við einum hálf tíma aftan á dagsskránna frá kl.18-18:30 svo SkóVM og Hafnarfjörður komist fyrir. Lárus hafði beðið um skjávarpa sem við ákveðum að hann reddi sjálfur.

Harpa hefur samband við Lárus og Helgu og spyr hvort þau samþykki þetta. Össur heyrir í Einari varðandi hans sveitir, hvort þær eru tvær.

### Skipulagning

Andrés í Tónastöðinni styrkti þetta síðast og Vilborg fer í það að athuga það aftur.

Össur búinn að senda myndir og smá texta á Ásu Briem sem sér um tónleikaröðina „Sígildir sunnudagar“ í Hörpu.

Ræðum um að auglýsa vel á Facebook, borga fyrir auglýsingar þar. En fyrst þarf Vilborg að ná í greiðslukort fyrir SÍSL.

### Ljósmyndir

Eypór Kolbeins er til í að vera hirðljósmyndari þennan dag. Hann er til í að fá borgað en setti kröfu um að vera í öðru rými þar sem birtan er ekki alltaf sú sama yfir daginn. Við ræðum nokkrar lausnir og best væri að vera inní Silfurbergi og geta kontrólerað birtuna betur sjálfur. Harpa ræðir við Eypór og hvort hann eigi ljósmyndalampa.

### Kynnir

Rúnar Óskars var í fyrra. Össur stingur upp á því að fá hann aftur, Guðmundur ræðir við hann. Sami díll og í fyrra.

### Senda bréf

Stjórnendur og til foreldra, biðjum stjórnendur að senda á foreldra. Ítreka þetta allt saman og leggja áherslu á við foreldra hvar starfsmannainngangurinn sé og það að foreldrar eiga ekki að koma með inn. Ræðum aðeins hverjir voru starfsmenn síðast, það var stjórnin og varastjórn. Verður svipað núna.

## Landsmót apríl 2018

Það er ekki enn búið að negla niður og bóka hvaða húsnæði verða notuð. Vilborg bendir á að Snorri þyrfti að vera með á þeim símafundum sem við ræðum landsmótið.

Vilborg leggur til að Snorri sæki um styrk til ÍTR að við fáum niðurgreidda leigu á skólunum, eins og önnur íþróttafélög fá.

Guðmundur mun hitta Snorra á morgun, 17. okt, og ætlar að pumpa Snorra með þetta. Mikilvægt að fá húsnæðismál á hreint sem fyrst.

### **Lögin**

Guðmundur spáir með yngstu sveitirnar, vill að lögin verða tilbúin um áramót. Það gerist allt svo mikið hægar með þeim, að allavega eitt lag verði þá reddí um áramótin.

Ræðum aðeins um útsetjara. Össur er búinn að tala við Elvar Braga og hann er til í að aðlaga SÍSÍ/MAÓ að okkar stöðlum. Þórður úr SkóKóp er búinn að bjóða SÍSL að kaupa Megas útsetningar sem hann hefur nú þegar gert.

Guðmundur bendir á að það má líka biðja fólk um að semja ný lög í stað útsetninga.

Össur bendir á að öll „góðu“ lögin séu að verða búin. Við þurfum allavega að vanda vel til verka og ekki stökkva á hvað sem er. Útsetningar þurfa að virka!

### **SÍL**

SÍL er búð að bjóðast til þess að gefa SÍSL Leikandi Létt 2 með þeim skilyrðum að SÍSL borgi STEFgjöldin. Fáum á bókina á .pdf fyrir fólk til að prent.

Beðið eftir fundargerð.

---

Stefnum að því að boða fund eftir viku 23. okt eftir því hvernig okkur gengur að greiða úr þessum málum hér að ofan.

Fundi slitið kl.13:16.

# SÍSL stjórnarfundur 18. september 2017

fundur settur kl.20:15

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Harpa Jóhannsdóttir.

Össur formaður setur fundinn og nýir meðlimir settir í hlutverk. Vilborg er gjaldkeri og Harpa ritari, Gestur og Áskel eru enn meðstjórnendur og Össur heldur formannstitlinum.

## Fjármál

Fyrsta mál á dagsskrá er að skrifa uppá og færa prókúruna yfir á Vilborgu.

Við ræðum lauslega um hlutverk gjaldkera og hvernig SÍSL setur upp sitt bókhald og reikninga. Vilborg fer svo í það að hafa samband við Kristjón fyrrum gjaldkera til að vita hvernig þetta var gert á fyrri starfsárum.

Össur ræðir um að það þurfi að setja bankareikningana í betra horf. Fókusera reikningana og setja peningana í hagkvæman vaxtareikning, fá betri ávöxtun úr þessum peningum. SÍSL var með það þannig einu sinni áður en Eggert stokkaði upp kerfinu.

Næsta stóra fjárútlát verður landsmót A/B sveita vorið 2018 í Breiðholti. SÍSL fékk styrk fyrir Óskalaga tónleikunum sínum í nóvember 2017. Nú verða þessir tónleikar hluti af sunnudagatónleikaröð Hörpu og vonandi fáum við að detta inn í auglýsingapakkan þeirra.

## Óskalög í Hörpu

Það þarf að senda út póst og biðja hljómsveitir að skrá sig á Óskalaga tónleikana. Það eru 14 pláss í boði og hálf tími fyrir hverja hljómsveit. Hver skóli/skólahljómsveit getur svo skipt hálf tímanum á tvær hljómsveitir. Einnig eru í boði að bjóða fram dúett/sóló ef það gerist erfitt að fylla uppí hálf tímann.

Ferðastyrkur: Það væri æskilegt að bjóða áfram uppá ferðastyrk til þeirra sem koma lengra frá, 50km ca. út frá höfuðborgarsvæðinu. Í fyrra var það 5000kr. á haus (nemendur og stjórnandi) foreldrar og aðrir fylgifiskar sjá um sig sjálf.

Væri gaman að fá hljómsveitir frá t.d. Ísafirði, Vestmannaeyjum eða að austan.

Einnig er í boði að ef hljómsveit er bara með 4 einstaklinga þá er hægt að koma inní starf stærri hljómsveita á höfuðborgarsvæðinu.

Össur biður Hörpu ritara um að senda út póst á stjórnendur til að skrá sig á Óskalögin í nóvember.

Ræðum stuttlega um hvað Norðurljósasalurinn í Hörpu hentar vel fyrir lifandi lúðrasveitamúsík og hvað þetta er gott og mikilvægt tækifæri fyrir krakkana í hljómsveitunum.

Vilborg imprar á því að það þurfi að vera betri aðstaða fyrir aftan svið. Það þurfa að vera þrjú

svæði fyrir hljómsveit sem er fara, eina að spila og eina að koma. Óskastaða væri að vera í Silfurbergi en það sleppur að vera bakvið Eldborg og á gangi. 500þ.kr. kostar SÍSL að leigja Norðurljós með öllu sem við þurfum.

Óskalögin hafa gengið vel síðustu ár og mikilvægt að stjórn skipti með sér verkum. Mögulega þarf að kalla út varastjórnina svo þetta gangi sem best. Þurfum að bóka ljósmyndara til að taka af hljómsveitum eftir tónleika. Eypór gerði þetta síðast og spurning um að gera það aftur, hann á svo fína vél. En ef ekki hann þá kannski einhver úr foreldrahópnum. Harpa heyrir í Eypóri og býður honum 60þús fyrir viðveruna frá kl.11-18. Svo þarf að reyna að koma þessu í fjölmiðlana FYRIR helgina.

SÍSL google svæði: Ræðum um aðgangsorð að svæðinu og við erum sammála um að hafa það eins einfalt og hægt er. Formaður ákveður aðgangsorð.

## **Nótnaútgáfa**

Aðeins rætt um partítúra og hvort þeir eigi að vera bara á netinu í .pdf eða hvort það á að prenta í meiri umfangi. Stjórnarmenn eru sammála um að skemmtilegra sé að hafa þá í prentaðri útgáfu.

Ný lög fyrir landsmót: Össur búinn að biðja Elvar Braga Kristjónsson að útsetja Maó fríkar út í B sveita útgáfu. Þurfum við að auglýsa eftir öðrum útsetjurum bæði innan okkar raða og utan. Össur á t.d. Dýrð í dauðapögn og Martin á útsetningu af Leyndarmáli Ásgeirs Trausta. Harpa sendir út póst og óskar eftir nýjum útsetjurum. Leggjum upp með 4-5 radda útsetningar fyrir A og B sveitir.

## **Sameiginlegur fundur með SÍL**

Póstur frá SÍL: SÍL vill sameiginlegan fund með SÍSL. Fundur helst á miðvikudagskvöldi. Össur verður í sambandi við stjórn SÍL um fundartímann

## **Fastur fundatími**

Fundartími vetrarins: Frá kl.12:30-13:30 á mánudögum verður okkar símatími í vetur.

## **Landsmót A og B sveita**

Guðmundur greinir frá hans basli með hvaða húsnæði hann hefur fundið í Breiðholti til að leigja. Fellaskóli (gisting), Fellahellir, Hólabrekkuskóli (matur og gisting þar), Fjölbautaskólinn í Breiðholti (gisting og æfingar), Gerðurbergi (æfingar), Leiknishúsið.

Væri gott að fá að hafa mótsetningu og lokatónleika í ípróttahúsinu við Austurberg þó að það sé ekki hægt að æfa þar.

Þarf að athuga Fella- og Hólakirkju. Össur, Vilborg og Guðmundur ætla að fara í skoðunarferð. Þarf að fá tilboð í mat sem fyrst.

Þyrfti að sækja um styrk sem fyrst hjá Reykjavíkurborg til að taka þátt í kostnaði með leigu á húsnæði.

Slagverk á landsmót: Þurfum að finna nýtt fyrirkomulag fyrir þennan hóp, hefur ekkert virkað 100% síðustu mót. Fyrsta hugmynd að slagverkið skiptist í litahópa eins og blásarar. Önnur hugmynd að þeir séu helming tímans séu þau inni í hljómsveitunum og hinn helming á sérstöku slagverks workshopi.

Ræðum smávegis um skiptingu hljómsveitanna og hversu mikilvægt að hópar séu ekki of stórir. Einnig ræðum við um mikilvægi þess að hlutverk foreldra/fararstjóra innan hljómsveitanna sé skýrt.

Hugmynd að halda fund þegar fyrsta æfing er á föstudagskvöldinu bara með fararstjórum. Fólk fær blað með helstu atriðum og farið yfir þau saman.

Ræðum um það að stjórnendur innan SÍSL eru fáir og mögulega þurfum við að leggja til pening og borga stjórnendum utan raða SÍSL.

Þurfum að senda út sem fyrst allar helstu upplýsingar um landsmótið, varðandi borgun, fjölda fararstjóra og annað á stjórnendur og foreldra.

Þurfum að setja skýrar reglur hvaða upplýsingar stjórnendur senda með borgun.

Fleiri póstar heldur en færri. Póstur um hvert málefni.

Snorri verður talsmaður mótsins og spurning um framkvæmdastjóra eða við gerum þetta. Spurning um framkvæmdanefnd sem er skipuð foreldrum úr SÁB og Snorra.

## **Erlendir stjórnendur**

Hugmynd fyrir peningaeyðslu: Fá erlenda stjórnendur til að „þjálfa“ okkar stjórnendur í vikunni á undan landsmóti t.d. Hugmyndin fær góðar undirtektir.

## **Norrænt samstarf**

NOMU breytt í Musik i Norden. Spurning um að SÍSL taki aftur þátt í því starfi, er að fara á fullt þennan veturinn.

Fundið slitið kl.22:55

# Aðalfundur SÍSL 21.apríl 2017

## á Hótel Kríunesi, Kópavogi

Einar Jónsson fundarstjóri  
Ella Vala Ármannsdóttir fundarritari

Mætt eru: Guðmundur Vilhjálmsson - Garðabæ, Gestur Áskelsson - Þorlákshöfn, Kári H. Einarsson - Seltjarnarnes, Vilborg Jónsdóttir - Austurbær, Össur Geirsson - Kópavogur, Jóhann Stefánsson - Selfoss, Kristjón Daðason - Grafarvogur, Einar Jónsson - Grafarvogur, Daði Þór Einarsson - Mosfellsbær, Harpa Jóhannesdóttir - Reykjanesbæ, Ella Vala Ármannsdóttir - Akureyri/Dalvík, Elvar Bragi Kristjánsson - Grafarvogur.

### Skýrsla stjórnar

Formaður Össur Geirsson les skýrslu sína um starfsemi félagsins síðasta ár. Skýrsla samþykkt og orðið gefið laust um hana. Enginn gerir athugasemd við skýrslu formanns.

### Skýrsla gjaldkera

Kristjón Daðason leggur fram endurskoðaða reikninga ársins.

Skoðunarmenn reikninga eru Jóhann Björn og Jóhann Moravek. Ein athugasemd; Eigið fé og skuldir -þetta eru peningar sem voru komnir inn vegna landsmóts Akranesi sem áttu þá við árið 2017.

Það vantar inn styrk frá Ýli upp á 500.000.

Liðurinn Árgjöld eru lægri en fyrri ár, nokkrar hljómsveitir hafa ekki greitt félagsgjöld, hafa sagt sig úr félaginu og er ástæðan sú að hljómsveitirnar eru óstarfræktar.

Nú er búið að sameina 6 mismundandi reikninga og gera úr þeim tvo.

Það vantar upp á funda og kaffiskostnað ca. 12.000kr.

Athugasemd frá Einari: Skoðunarmenn ættu að vera búnir að undirrita reikninga fyrir aðalfund. Kristjón segist ætla að ganga frá því sem fyrst, hefur verið erfitt þar sem skoðunarmenn búa vítt og breitt um landið. Mælt er til að hafa skoðunarmenn sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Reikningar samþykkir af fundarmönnum.



## Lagabreytingar

Tillaga að lagabreytingum:

### 5. gr.

Á aðalfundi skulu kostnir 5 menn í stjórn samtakanna, formaður, gjaldkeri, ritari og 2 meðstjórnendur. Einnig skal kjósa 2 menn til vara. Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu til tveggja ára í senn. Annað árið skal kjósa einn nýjan stjórnarmann og hitt árið tvo. Stjórnin skiptir með sér verkum

Bæta skal við:

Annað árið skal kjósa tvo nýja stjórnarmenn og hitt árið þrjá.

Laga þarf stafsetningarvilluna í kostnir - kosnir

Lagabreyting er samþykkt með öllum atkvæðum fundarmanna.

## Stjórnarkosningar

Gr. 5 í lögum félagsins lesin af fundarritara þar sem fjallað er um fjölda í stjórn og hversu margir eru kosnir í hvert sinn. Nú þarf að kjósa 3 stjórnarmenn,

Össur býður sig fram til formanns

Ella Vala ritari hættir í stjórn

Kristjón gjaldkeri hættir í stjórn

Gestur og Guðmundur halda áfram sem meðstjórnendur.

Vilborg Jónsdóttir býður sig fram til gjaldkera

Harpa Jóhannsdóttir býður sig fram sem ritari

Varastjórn: Daði Einarsson og Bragi Vilhjálmsson halda áfram í varastjórn.

Allir boðnir velkomnir með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Björn er ekki lengur stjórnandi innan SÍSL þ.a. hann er ekki talinn gjaldgengur sem skoðunarmaður. Jóhann Moravek er ekki talinn hentugur heldur vegna búsetu.

Jóhann Stefánsson og Kári Húnfjörð eru kosnir.

Klappað fyrir því.

## Ákveðið gjald næsta árs.

Stjórn leggur til óbreytt árgjald uppá 12.000 krónur.

Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Rætt var um að hefja ætti innheimtu í september, færa gjalddaga til 1.okt t.d.

## Önnur mál

Orðið er laust fyrir hvaðeina sem mönnum liggur á hjarta.

### 1. Hvert viljum við fara varðandi útsetningar?

Breytingartillaga: Hækka skal um ca. 15%. Þá yrði þetta svona:

A sveit 50.000

B sveit 85.000

C sveit 120.000

D sveit 160.000

Rætt var hvort þetta væri nóg? Ætti að hafa tvö gjöld? Fólki finnst orðið of mikill munur milli A og B sveita. Fundurinn leggur til hækkun A sveitar upp í 70.000 og B sveit upp í 90.000. Fundur samþykkir breytinguna.

Nú er í fyrsta skipti áfangi í lúðrasveitaútsetningum hjá LHÍ sem er jákvætt því það hefur ekki verið nægileg nýliðun hjá útsetjurum.

### 2. Landsmót á Akranesi -skoðunarkönnun, farið yfir svör nemenda

Það var ca. 50 % svörun. Flestir krakkarnir virðast vera ánægðir með flest.

Bar á að elstu krakkarnir væru óánægðir með standardinn í hópunum. Getustig mjög breitt og kom það niður á þeim sem voru lengst komnir.

Maturinn kom ekki mjög vel út, sérstaklega morgunmaturinn.

Til að skipta hópunum meira upp þarf fleiri stjórnendur. Þetta leiðir að þeirri hugmynd að fá manneskju að utan til að hafa námsskeið fyrir stjórnendur.

Vilborg talar um að þurfi að bjóða upp á eitthvað verulega flott fyrir þá sem eru lengst komnir, verulega góðan stjórnanda, eða mjög krefjandi verkefni.

Einnig að það verði að koma nafnalistar frá stjórnendum með miklu meiri fyrirvara til að hægt sé að skipuleggja eitthvað flott. Helst hálfu ári fyrir.

Össur talar um að við verðum að vera harðari á 8.bekk og grunnsveitar levelinu.

Einar segir að nafnið á landsmótinu sé að þvælast fyrir okkur, C-sveit.

Þarf að vera þannig í framtíðinni að mótshaldarar séu skýrar línur með aðgang að móti. Guðmundur segir að á A sveitar mótum séu stundum sendir nemendur sem eru allt of stutt komnir. Þyrftum að setja skýrar reglur um að ef landsmót er að vori verði nemendur að hafa byrjað að hausti.

Margir nýttu sér afsláttinn á skráningu á landsmót -skrá sig fyrir- og er ljóst að við höldum áfram að bjóða upp á það.

### **3. Landsmót 2018**

A/B sveit í Breiðholti í maí

Mikið af skólum á sama blettinum. Einar segir að Grafarvogur sé líka tilbúinn í að halda landsmót hvenær sem er. Þar er aðstaðan líka fín.

C sveit á Akureyri í október

Allir á fundinum samþykkir þessum staðsetningum.

### **4. Framkvæmdastjóri fyrir Landsmót**

Rædd var sú hugmynd að ráða framkvæmdastjóra fyrir landsmót í framtíðinni.

Linda Sigfúsdóttir hefur verið nefnd og hugmyndin rædd við hana.

Framkvæmdastjórinn þyrfti að vera aðili sem hefur enga hljómsveit til að stjórna.

Umræða er hvernig er hægt að skilgreina vinnuna og hvernig er hægt að greiða fyrir það.

Til er aðgerðalisti fyrir mótshaldara fyrir landsmót.

Fundurinn samþykkir hugmyndina einhljóða.

5. A: Hvernig getum við eytt peningunum sem við eigum þ.a. Sem flestir njóti Kennsla í stjórnun.

.

5.B: Hvernig getum við aukið hag blásarasveitastarfs í landinu?

Það sækir enginn um á brasshljóðfæri, sérstaklega lága brassið. Þau eru ekki nógu sýnileg. Össur tekur Nótuna sem dæmi: Í Hörpunni voru engin brasshljóðfæri sjáanleg með tveimur undantekningum, þetta er það sem tónlistarskólarnir eru að senda. Eru tónlistarskólarnir að einblína of mikið á píanó, flautu og strengi?

Kári nefnir hluta af skýringu: Brasskennarar hafa margir lítinn tíma til að standa í þessu með öllum öðrum verkefnum. Elvar segir að það vanti fjármagn til að búa til litla samspilshópa, því þar blómstrar akkúrat það sem þarf til að búa til atriði fyrir nótuna.

Vilborg: Endurnýjun blásarakennara er engin. Vilborg vill prófa að gera módel að því að hljómsveitir frá okkur (stóru sveitunum) fari í landsreisu og heimsæki staði eins og Hvammstanga, Akureyri, Húsavík. Að það verði skipulagt hvaða hópar geti gert svona, tala svo við fræðslustjóra og tónlistarskóla. Sýnileiki lúðrasveita er yfirleitt ekki við góðar aðstæður, vond veður o.s.frv. Hver kemur svo og hlustar á okkur á tónleikum innandyrá? Foreldrar -okkar fólk. Þess vegna þarf að hafa fyrir því að hafa sveitirnar sýnilegar í sínum besta búningi.

Þetta þarf að undrbúa bæjarfélög undir. Því það þarf að vera vilji til að bjóða upp á kennslu á þessi hljóðfæri og það þarf að sannfæra fólk að flytja á landsbyggðina til að kenna.

Kári segir að við þurfum sjálf að girða í brók og finna útúr því hvað er að gerast því í Reykjavík er líka vandamál að finna kennara.

Össur segir að krökkum vantar **fyrirmyndir**.

Við þurfum að vera duglegri sjálf að mæta á tónleika og senda nemendur okkar á tónleika með flottum spilurum. Það er fullt í gangi og við verðum að hvetja fólk og reyna að mæta sjálf þegar eitthvað er í gangi.

Jóhann Stefáns nefnir að við ættum að fá hóp til að fara í grunnskólana. Helst djúpa brass kynning.

Ella Vala telur að þetta sé að miklu leyti framtaksleysi skólastjórnenda að stýra ekki meira á hljóðfærin.

Það skiptir öllu máli að vera sýnilegur.

Daði nefnir miðilinn sjónvarp. Við verðum að hamra á þeim til að fylgjast meira með starfinu okkar. Það hefur verið mjög erfitt að fá þar inni. Kristjón nefnir að það þarf að vera mikil klíka til komast í fjölmiðla. Miklu meiri áhugi á erlendum hljómsveitum sem koma heldur en því sem þær íslensku að gera.

Einar segir að við þurfum að læra inn á þetta, fá fjölmiðlafulltrúa inn til okkar.

## **Fundarslit**

Össur þakkar Kristjóni og Ellu Völu fyrir samstarfið, fundarmeðlimum fyrir góða hlustun og frammistöðu og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 12:19.

Fundarritari  
Ella Vala Ármannsdóttir  
Akureyri

# 17. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.17

Símafundur, 17.apríl 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Kristjón Daðason.

## 1 Aðalfundur fös 21.apríl

11 manns hafa boðað sig, Gestur mun hafa samband við Kríunes og tilkynna að hópurinn verður ekki mikið stærri.

Ræddar voru hugmyndir að nýju fólki í stjórn.

Ella sendir póst á póstlistann, til að láta vita að í stjórn vanti gjaldkera og ritara fyrir næstu tvö ár, þar sem bæði Ella Vala og Kristjón hafa lýst því yfir að þau vilji ekki halda áfram.

Höfum brainstorming:

Hvað getum við gert til að efla starf lúðrasveita á landinu?

Fundarstjóri fyrir aðalfund: stungið upp á Einari Jónssyni

Fundarritari fyrir aðalfund: stungið upp á Margrét Sigurbjörnsdóttir

## 2 Gjaldkeri

Innheimta félagsgjalda í góðu lagi.

Nú eru til 3 mismundandi reikningar í Arionbanka í stað 6 fyrir ári síðan.

Stærsta upphæðin er á Nr.1 Tékkareikningur 26, nr.2 reikningur 22, nr.3 reikningur 13.

Kristjón þarf að senda Jóhanni Birni Ævarssyni reikningabókina til að biðja hann um að yfirfara þá, einnig að ræða við Jóhann Moravek til að athuga hvort hann geti líka lesið yfir þrátt fyrir að vera ekki með reikningana í höndunum.

Kristjón millifærir megnið af peningnum á reikning nr.1 yfir á reikning nr.2 til að nýta vextina núna yfir sumartímann. Setur í 6 mánaða bindingu.

Árgjald verður óbreytt.

Greiða þarf Akranesi vegna síðasta landsmóts, 345.000kr

Kaffiveitingar sem Heiðrún Hámundadóttir lagði út fyrir.

Ýlir hefur enn ekki greitt okkur 500.000 krónur sem við eigum inni.

## **Verkefni nýrrar stjórnar**

Prenta út raddskrár af þeim verkum sem við gáfum út á árinu.

## **Landsmót 2018**

Landmót C sveita á Akureyri okt 2018: Ella hefur nefnt hugmyndina við skólastjórn og var tekið vel í hana, þau ætluðu að ræða þetta áfram á fundi.

Landsmót A og B sveita vor 2018: Guðmundur hefur talað við Snorra um möguleikann að halda það í efra Breiðholti. Þar er aðstaðan afar góð. Snorri ætlaði að hugsa málið.

Rætt var um framkvæmdastjóra fyrir landsmótin. Linda Sigfúsdóttir er enn mjög áhugasöm en spurning er hvernig greiðslan verður og við þurfum að skilgreinga vel vinnu framkvæmdastjórans.

Við berum þetta upp á aðalfundi og þetta verður rætt nánar.

## **Nótnaútgáfa**

Rædd var hækkun á launum fyrir útsetningar. 15%

Tillaga yrði rædd á aðalfundi:

Það færi þá upp í:

A 50.000; B 85.000; C 120.000; D 160.000

Rætt var svar Jóhanns Moravek vegna bréfaskriftum okkar um áfengisneyslu á landsmóti.

Samþykkt var að borga flugmiða fyrir Ellu Völu til að skreppa á aðalfundinn, ef hún fær leyfi frá kennslu á föstudag.

Fundi slitið klukkan 10:40 : Næsti fundur, aðalfundur föstudaginn 21.apríl f.h. í Krúnes, Kópavogii.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



# 16. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.16

Símafundur, 24.mars 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Kristjón Daðason.

## 1 Aðalfundur fös 21.apríl

Gestur hefur bókað Kríunes fyrir aðalfund. Fundur hefst klukkan 9:00 og boðið verður upp á morgunmat klukkan 8:00. Fundinum líkur klukkan 12:30, þá verður boðið upp á mat.

Ella Vala sendir aðalfundarboð. Þurfum að biðja fólk um að staðfesta þátttöku fyrir mánudaginn 10.apríl.

- Össur fer yfir starfsemina á árinu,
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar: Kristjón fer yfir reikninga,
- Tillaga um breytingu á 5.grein laga SÍSL: Annað árið skal kjósa tvo stjórnarmenn og hitt árið þrjá.
- Önnur mál; Guðmundur mun kynna hugmynd að ráðningu framkvæmdastjóra fyrir landsmót. Linda Sigfúsdóttir er okkar óskakandídat og mun Guðmundur ræða við hana fyrir aðalfundinn.
- Opnar umræður

Rætt var um eðlilega greiðslu fyrir slíka vinnu, ca. 1000 krónur á haus, og tekið svo meðaltalið af landsmótunum tveimur. Ca. 400.000 krónur á mót.

Rædd var blaðaútgáfa og allir sammála um að það ætti að vera ákvörðun hvers mótshaldara og þeir ættu að taka að sér þá vinnu.

Hvað gerir framkvæmdastjóri? :

- Ganga frá samingum við fyrirlesara og kennara sem stjórn hefur ákveðið hverjir verða.

- Ráða skemmtara fyrir diskótek eða aðra skemmtun á laugardagskvöldi.
- Ráða ljósmyndara fyrir mótið.
- Matarmál, fá tilboð á mat í samvinnu við mótshaldara
- Hljóðkerfi
- Útbúa vinnureglur vegna skipulag tónleikanna
- Vera í sambandi við fjölmiðla
- Sjá um upplýsingaflæði til foreldra/farastjóra og til stjórnar.

Hvað gera mótshaldarar? :

- Gisting, verður á höndum heimamanna.
- Mótsblað ef þess er óskað

## 2 Landsmót 2018 A-B/C-D

- A-B sveitir í Reykjavík Grafarvogur/Breiðholt/Mosfellsbæ vor 2018

Kristjón telur Mosó góðan kost, Hann mun ræða við Einar Jónsson og Daða Þór Einarsson.

Hann telur þó Grafarvog meira spennandi. Foldaskóli/Húsaskóli möguleg gistirými.

Guðmundur hefur einnig samband við Snorra Heimisson.

- C-D sveitir á Akureyri snemma í október 2018

Ella Vala mun ræða við skólastjórnendur Tónlistarskólans á Akureyri.

## 3 Síðasta landsmót

Skoðunakönnunin kemur mjög vel út.

Fundi slitið klukkan 10:20 : Næsti fundur mánudag 10.apríl eftirmiðdag/kvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# 15. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.15

Símafundur, 17.febrúar 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson. Kristjón forfallaður vegna veikinda.

## 1 Landsmót 2018

Hvar?

A-B sveitir í Reykjavík Grafarvogur/Breiðholt/Mosfellsbæ vor 2018

C-D sveitir á Akureyri snemma í október 2018

Guðmundur hefur samband Snorra Heimisson.

Össur spyr Kristjón v. Mosfellsbæ.

Ella Vala ræðir við Hjörleif Örn skólatjóra TonAk

Talað var um að ráða verkefnisstjóra fyrir komandi landsmót. Okkur finnst þetta öllum góð hugmynd þar sem þetta er allt of mikil vinna fyrir einstaka aðila og varla hægt að leggja þetta magn af vinnu á fólk í sjálfböðavinnu.

Linda Sigfúsdóttir nefnd sem hugsanlegur kandídat. Guðmundur ætlar að halda ræða við hana um launahugmynd og annað.

## 2 Óskalög 2017/2018

Ákveðið hefur verið að halda Óskalög nóvember 2017

Hugmynd um að sleppa svo 2018 þar sem tvö landsmót eru það ár.

## 3 Aðalfundur föstudagur 21.apríl 9:00-13:00

Gestur skoðar Kríunes

Össur skoðar Hannesarholt

Guðmundur skoðar Hótel Loftleiðir

Þeir kanna kostnað á þessum stöðum.

Ella Vala sendir út aðalfundarboð á póstlista SÍSL.

## **4 Skoðanakönnun**

Landsmót SÍSL á Akranesi 2017 komið á google drive og hægt að skoða útkomuna.

## **5 Alkóhólneysla á landsmótum**

Rædd voru tvö tilfelli sem komu upp á síðasta landsmóti, laugardagskvöldi um að kennarar væru að neyta áfengis.

Skýrt kom fram af okkar hálfu fyrir landsmót að þetta ætti að vera áfengislaust mót. Samþykkt var að senda þeim áminningu og áskorun um að láta slíkt ekki koma fyrir aftur.

Fundi slitið klukkan : Næsti símafundur 24.mars föstudag kl. 9:30

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# 14. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.14

Símafundur, 31.janúar 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson, Kristjón Daðason og Guðmundur Óli Gunnarsson.

## 1 Landsmót

Ljósmyndir,

Ákveðið var að taka síðari tilboði ljósmyndastofu Akraness, þar sem við afþökkum ramma frá þeim til að lækka kostnað. Ella þarf að staðfesta það við stofuna og panta texta og lógó. Keyptir verða 14 rammar í IKEA. Kristjón kaupir þá.

Hvar er best að taka myndirnar?

Matur, hver er matseðillinn? Ekki komið -Guðmundur fær það uppgefið frá kenfélaginu á Akranesi.

Miðmorgunhressing um miðjan morgunn, kvenfélag sér um það OK

Kaffið í Brekkubæjarskóla, miða þarf við 14:45-15:15

Prentun bæklings OK

Raða þarf í poka fyrir hverja sveit, armbönd, blýantar og fl. Guðmundur Óli sér um það OK

Rætt var um mótsetningu

Rætt var um skiptingu í hópa, samspilshópar fara saman í mat.

Rætt var um ballið

Rætt var um lokatónleikana, fá einhvern frá bæjarfélaginu til að segja nokkur orð.

Kaupa þarf eyrnartappa - Kristjón býðst til að gera það.

Þá erum við klár í mótið. Allir hlakka til.

Fundi slitið klukkan 22:13 Næsti fundatími er óákveðinn.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# 13. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.13

Símafundur, 27.janúar 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Kristjón Daðason

## 1 Landsmót

Farið yfir aðgerðalistann.

## Lausir endar

### Kennarar fyrir mótið:

Talað hefur verið við flesta kennara,

Heyra þarf í Heiðrúnu (Ella Vala) klarinettuhópur 2 yngri nemendur hugsanlega með fagott- (fagottsamspil möguleiki -4 fagottleikarar) og óbó og Hörpu (Kristjón), Daníel Friðjónsson (Kristjón) fyrir saxófóna.

### Matur

Þarf að fá lokaverð í matinn össur/Guðmundur Óli

### Ljósmyndir

Ella Vala heldur áfram sambandi við ljósmyndarana, myndsmiðjan.

12-13 hópar en **14 myndir** Garðabærx2 (víðistaðaskóli verður með garðabæ)

Eski-Reyðarfjörðu/Egilsstaðir saman? Ella sendir fyrirspurn til stjórnenda.

### Rod

þurfum að fá frá Rodrigo uppl. um slagverk og hvort ok sé með bassaleikara

### Dagskrá

-fyrir mótið þarf að koma í prentun. -Kristjón athugar kostnað í Mosó. 120 gramma pappír, 250 eintök.

### **Eyrnatappar**

-finnast ekki. Guðmundur heldur áfram leitinni

### **Upplýsingabréf Endurgreiðslur/fæðuóþol**

Setjum okkur reglur með þar. Össur setjur saman bréf með upplýsingum um það.

Í leiðinni sendir hann biður hann um upplýsingar varðandi fæðuóþol og minnir fólk á að koma með statív.

### **Fjölmiðlar**

(Ella) Á mánudaginn heyra í þeim aftur, þurfum að fá eitthvað í blöðin á föstudeginum.

### **Kvittanir**

Útbúa kvittanir fyrir allar hljómsveitir sem þurfa að vera tilbúnar á mótsetningu, Kristjón útbýr það.

### **Greiði frá Jóhanni Birni Ævarssyni**

Kassi af nótum fyrir brasssamspil sem við megum nota fyrir mótið.

Næsti fundur þriðjudagskvöld klukkan 21:15, símafundur.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



# 12. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.12

Símafundur, 20.janúar 2017

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Kristjón Daðason

## 1 Landsmót

Farið var yfir skipulagið og skjalið Landsmót 2017 sem er á g-drifinu.

Ýmis verkefni þar skipt á stjórnarmeðlimi. (sjá skjal)

Bensínpeningur: Ákveðið var að sísl myndi borga 5000 kr fyrir hvern bílstjóra, við biðjum fólk að reyna að koma saman.

Athuga þarf gistingu fyrir kennarana hvort þeir geti verið svolítið privat.

Upplýsingabæklingur, ákveða þarf hvað á að vera í honum, kort af bænum, dagskrá, A4 blað brotið saman. Setja á netið, facebook og á heimasíðuna.

Uppfæra þarf texta fyrir heimasíðuna, linkur á dagskrá. Össur setur það inn

Fjölmiðlar, tveimur vikum fyrir landsmót, senda fréttatilkynningu, upplýsingar um mótið.

Ella Vala tekur það að sér: Morgunblaðið, fréttablaðið, fréttatíminn, stundin, skessuhorn, rúv, stöð 2. Fréttaritari á Akranesi frá rúv og stöð 2. Síðasta lagi fyrir 30.janúar. Myndir frá mótinu þarf að berast um helgina, á laugardeginum, senda á blöðin.

Össur talar við kennarana sem kenna á mótinu, Kristjón talar við Daníel Friðjóns.

Ella Vala verður í sambandi v. Össur v. fréttáflutninginn

Það eru 198 hljóðfærarleikarar og 33 fararstjórar skráðir á mótið í dag, samtals 231.

## 2. Harpa, sígildir sunnudagar, maraþon

### 12.Nóvember sunnudagur, maraþontónleikar

Fyrirspurn frá Hörpu:

*...( má færa) Lúðrasveitarmaraþonið 2017 (ef af því verður) undir Sígilda sunnudaga. Eina skilyrðið er að hluti maraþonsins verði í gangi milli kl. 17 og 18, en ef tímasetningarnar verða eins og síðast ætti það að ganga upp.*

*Til upplýsingar þá eru Sígildir sunnudagar hugsaðir til að mynda samfellu í tónleikahaldi í húsinu og kynntir þannig að alltaf sé hægt að ganga að góðum tónleikum vísun í Hörpu á sunnudögum kl. 17. Við skiptum okkur ekkert af dagskrá tónleikanna að neinu leiti, en Sígildir eru kynntir með ákveðnum hætti og með því að fara undir þann hatt nytuð þið góðs af því.*

Stjórnin ákvað að ganga skal að þessu tilboði.

Við erum orðin of sein til að sækja um styrk hjá Ýli.

Innheimta þarf styrkinn frá Ýli fyrir síðusta maraþon, 500.000krónur.

Fundi slitið klukkan 10:38 næsti fundur föstudaginn 27.janúar klukkan 9:30

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir